

Mánudaginn 7. júní 1971.

Nr. 108/1970. **Skúli Steinsson**
Páll Guðfinnsson
Marsellíus Bernharðsson og
Jón Friðgeir Einarsson
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
 gegn
Landsbanka Íslands,
Útibúinu á Ísafirði
 (Stefán Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál. Afsagnargerðir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1970 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu sækir stefndi áfrýjendur til greiðslu á tveimur víxlum. Er annar víxillinn að fjárhæð kr. 500.000.00, en hinn að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Báðir eru víxlarnir útgefnir hinn 20. júlí 1968 af Sigurlaugu M. Jónsdóttur og samþykktir af Hans W. Haraldssyni pr. pr. Fjöliðjan h/f. Ábaktir eru þeir af Sigurlaugu M. Jónsdóttur og áfrýjendum. Gjaldldagi 500.000 króna víxilsins er „við sýningu 196“, en gjaldldagi 1.000.000 króna víxilsins er „Hinn 196“. Á báða víxlana er ritað: „Víxillinn greiðist í Landsbanka Íslands, útibúinu á Ísafirði“.

Á 500.000 króna víxilinn hefur bæjarfógetinn á Ísafirði ritað: „Afsagður sökum greiðslufalls hinn 5. 4. 1969 kl. 1600. Notarius Publicus Björgvin Bjarnason“. Í viðfestri afsagnargerð víxils þessa segir, að hún hafi farið fram: „Ár 1969

5. 6. kl. 1600“ ... „í afgreiðslu“ ... Landsbanka Íslands, Ísafirði, „en samþykkjandi var þar ekki staddur eða neinn, er vildi innleysa víxilinn“.

Á 1.000.000 króna víxilinn hefur bæjarfógetinn ritað: „Afsagður sökum greiðslufalls hinn 5. 4. 1969 kl. 1600. Notarius Publicus Björgvin Bjarnason“. Í viðfestri afsagnargerð segir, að hún hafi farið fram: „Ár 1969 5. 4. kl. 1600“ ... „í afgreiðslu“ ... Landsbanka Íslands, Ísafirði, „en samþykkjandi var þar ekki staddur eða neinn, er vildi innleysa víxilinn“.

Samkvæmt vottorði frá Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði 10. marz 1971 var útibúið „lokað 5. apríl 1969, og fóru því engar afgreiðslur fram þann dag“.

Í málinu hefur bæjarfógetinn á Ísafirði gefið svofellt vottorð 10. marz 1971: „Samkvæmt beiðni Landsbanka Íslands vottast hér með, að víxill, kr. 1.000.000.00, ein milljón krónur, útgefinn af Sigurlaugu Jónsdóttur 20. júlí 1968, samþykktur til greiðslu af Fjöliðjunni h.f. við sýningu og ábakinn af útgefanda, var afsagður 5. 6. 1969, og er um ritvillu að ræða í afsagnargerðinni. Átti að vera 5. 6. 1969 í stað 5. 4. 1969. Ennfremur vottast, að skrifstofa embættisins var lokað laugardaginn 5. 4. 1969, og fór engin afsagnargerð fram þann dag“.

Hinn 10. marz 1971 hefur Landsbankaútibúið gefið svehljóðandi vottorð: „Það staðfestist hérmeð, að samkvæmt bókum útibúsins 5. júní 1969 eru bókfærðar greiðslur til bæjarfógetaembættisins, Ísafirði, kr. 360 vegna afsagnar tveggja tryggingarvixla frá Fjöliðjunni h.f., beggja útgefina 20. júlí 1969, kr. 500 þúsund og kr. ein milljón“.

Þá hefur ríkisendurskoðunin hinn 10. marz 1971 gefið eftirfarandi vottorð: „Samkvæmt beiðni yðar staðfestist hér með, að í aukatekjubók fyrir sýslumannsembættið á Ísafirði er skráð 5. júní 1969:

| | | |
|-----------------------------------|--------------|----------|
| Landsbankinn. Afs. víxill | 500.000.00 | 160.00 |
| Landsbankinn. Afs. víxill | 1.000.000.00 | 160.00“. |

Í vottorði bæjarfógetans á Ísafirði 24. maí 1971 segir: „Engin notarialbók er haldin, en afrit af hverri afsagnargerð er geymt í réttri tímaröð“.

Það athugast, að laugardaginn 4. apríl 1969 voru banka-
stofnanir almennt lokaðar, og urðu afsagnargerðir eigi fram-
kvæmdar að lögum þann dag, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 25/
1968 um breyting á víxillögum nr. 93/1933.

Afsagnargerð hvorugs víxils þess, sem í málinu greinir,
er þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ákvæðum 91.—93.
gr. víxillaga nr. 93/1933, enda verður eigi af afsagnargerð-
unum einum saman ráðið, að þær hafi verið framkvæmdar
að lögum, sbr. lög nr. 25/1968, og ekki verður bætt úr ágöll-
um á þeim með skýrslum og sönnunargögnum, sem síðar er
aflað. Verða nefndar réttarathafnir bæjarfógetans því eigi
taldar hafa réttarverkanir lögmætra afsagnargerða. Leiðir af
þessu, að stefndi hefur glatað víxilrétti sínum á hendur ábek-
ingum áminnztra víxla, áfrýjendum máls þessa, sbr. 53. gr.
víxillaga nr. 93/1933. Ber af þessum sökum að sýkna áfrýj-
endur af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli
niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Skúli Steinsson, Páll Guðfinnsson, Marsell-
íus Bernharðsson og Jón Friðgeir Einarsson, eiga að vera
sýknir af kröfum stefnda, Landsbanka Íslands, Útibúsins
á Ísafirði, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar P. Torfasonar hæstaréttardómara.

Óvefengt er, að nöfn áfrýjenda hafi staðið á víxlum þeim,
sem í málinu greinir, þegar þeir voru afsagðir, þótt þess sé
eigi getið í afsagnargerðunum, svo sem rétt var samkvæmt 1.
mgr. 93. gr. laga nr. 93/1933. Eru engar kröfur á því reistar,
að afsagnargerðunum hafi verið áfátt að þessu leyti.

Samkvæmt afsagnargerðinni, sem fest er við einnar milljón
króna víxilinn, var sá víxill afsagður vegna greiðslufalls 5. 4.
1969. Í áritun notarii publici um afsögnina á víxilinn sjálfan

er hann einnig sagður hafa verið afsagður sökum greiðslufalls 5. 4. 1969. Gögn þau, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt og rakin eru í atkvæði meiri hluta dómenda, hnekkja því ekki, að víxillinn hafi verið afsagður vegna greiðslufalls 5. apríl 1969. Sá dagur var laugardagur fyrir páska og bankastofnanir þá almennt lokaðar. Mátti afsögn því ekki fara fram þann dag samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 25/1968. Þar sem víxillinn hefur ekki verið löglega afsagður á þeim fresti, sem settur er í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1968, getur stefndi ekki haft uppi kröfur á hendur áfrýjendum um greiðslu hans, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 93/1933.

Víxillinn að fjárhæð kr. 500.000.00 var afsagður 5. 6. 1969 samkvæmt því, er segir í afsagnargerðinni, sem við hann er fest. Á sjálfan víxilinn hefur notarius publicus ritað, að hann hafi verið afsagður sökum greiðslufalls 5. 4. 1969. Rétt er að leggja til grundvallar í máli þessu, að víxillinn hafi verið afsagður 5. júní 1969, eins og segir í afsagnargerðinni. Hefur það og stuðning í þeim gögnum, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt. Útgáfudagur á víxlinum er 20. júlí 1968 og hefur víxillinn því verið afsagður vegna greiðslufallsins innan frests þess, sem 3. mgr. 44. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1968, setur. Og þar sem þeirri vörn verður ekki komið að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936, að stefnda hafi verið óheimilt að rita á víxilinn þann útgáfudag, sem þar er greindur, þá ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefnda víxilinn ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 1.380.00 í stimpil- og afsagnarkostnað svo og kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Skúli Steinsson, Páll Guðfinnsson, Marsell-íus Bernharðsson og Jón Friðgeir Einarsson, greiði óskipt stefnda, Landsbanka Íslands, Útibúinu á Ísafirði, kr. 500.000.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 1.380.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta var þingfest með samkomulagi aðilja á bæjarþingi Reykjavíkur þann 13. janúar 1970.

Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 25. febrúar 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Stefnandi málsins er Landsbanki Íslands, Útibúið á Ísafirði.

Stefndu eru Skúli Steinsson, til heimilis að Heiðargerði 19, Reykjavík, Marsellíus Þernhardsson, til heimilis að Austurvegi 7, Ísafirði, Jón Friðgeir Einarsson, til heimilis að Völusteinsstræti 16, Bolungarvík, og Páll Guðfinnsson, til heimilis að Aðalstræti 37, Patreksfirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 1.500.000.00 með 1% vanskila-vöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 3.960.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnframt hafa þeir krafizt þess, að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

1.2. Þann 26. júní 1969 þingfesti Landsbankinn, Útibúið á Ísafirði, á bæjarþingi Ísafjarðar mál út af sömu víxlum og hér er stefnt um á hendur útgefanda og ábekingum víxlanna. Málið var hafið á bæjarþingi Ísafjarðar þann 6. nóvember 1969, en þingfest að nýju á bæjarþingi Reykjavíkur þann 13. janúar 1970, eins og að framan er rakið.

Aðiljar og dómkröfur eru hér fyrir dómi þeir sömu og voru, meðan málið var rekið fyrir bæjarþingi Ísafjarðar, þó svo, að nú eru ekki gerðar kröfur á hendur útgefanda víxlanna, Sigurlaugu M. Jónsdóttur.

2.0.

2.1. Stef nukrafan er byggð á tveimur víxlum.

Báðir víxlarnir bera með sér útgáfudaginn 20. júlí 1968. Útgefandi beggja víxlanna er Sigurlaug M. Jónsdóttir, en samþykkjandi Hans W. Haraldsson pr. pr. Fjöliðjan h/f. Greiðslustaður beggja víxlanna var í Landsbanka Íslands, Útibúinu á Ísafirði.

Annar víxillinn var að fjárhæð kr. 500.000.00, en hinn að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Ábekingar á báðum víxlunum voru Sigurlaug M. Jónsdóttir og stefndu í máli þessu, Páll, Skúli, Marsellíus og Jón.

Gjalddagi lægri víxilsins er svohljóðandi: „Hinn við sýningu 196“, gjalddagi hærri víxilsins: „Hinn ... 196“.

Báðir víxlarnir voru sýndir og afsagðir sökum greiðslufalls 5. apríl 1969.

2.2. Málavaxtalýsing sú, sem hér fer á eftir, styðst við framburði stefndu Skúla, Marsellíusar, Jóns Friðgeirs og Páls hér fyrir dómi, en stefndu voru allir hluthafar í Fjöliðjunni h/f á Ísafirði, framburð Einars B. Ingvarssonar, sem var útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði á þeim tíma, sem hér skiptir máli, Ingvars S. Ingvarssonar, prókúruhafa og hluthafa Fjöliðjunnar h/f á Ísafirði, og Hans W. Haraldssonar, prókúruhafa Fjöliðjunnar h/f. Enn fremur verður stuðzt við önnur gögn málsins.

Forsaga máls þessa er sú, að Fjöliðjan h/f hafði yfirdráttarlán nokkurt hjá Landsbanka Íslands, Útibúinu á Ísafirði. Stefnandi máls þessa virðist hafa óskað eftir því við Fjöliðjuna h/f, að sett yrði trygging fyrir yfirdráttarláni þessu.

Á hluthafafundi í Fjöliðjunni h/f sunnudaginn 30. september 1962 var m. a. bókað eftirfarandi: „Að hluthafar gangi í ábyrgð fyrir félagið fyrir kr. 500.000.00 rekstrarláni við Landsbanka Íslands, Ísafirði. Ábyrgðin er solidarísk gagnvart bankanum, en ef einhvern tíma kann að koma til greiðslu hennar, skuldbinda hluthafar sig til að skipta greiðslu hennar á milli sín í hlutfalli við hlutafáreign sína í félaginu“.

Lægri víxillinn í máli þessu, að fjárhæð kr. 500.000.00, er tilkominn í tilefni af ofangreindri fundarsamþykkt. Ekki er alveg ljóst, hvenær útgefandi og ábekingar hafa ritað nöfn sín á víxil þennan, en líklegast er, að þær áritanir hafi farið fram á árinu 1962 og/eða 1963. Á skjali, sem stefnandi hélt yfir handveð sín, er getið um víxil þennan. Á skjali þessu er merkt við víxilinn dagsetningin 13. júlí 1963, og hefur þáverandi útibússtjóri stefnanda, Einar B. Ingvarsson, talið það vera dag þann, sem víxillinn var afhentur stefnanda.

Upplýst er í málinu, að víxill þessi bar ekki útgáfudag, þegar hann var afhentur stefnanda til tryggingar, en á hinn bóginn var hann útfylltur að öðru leyti. Vitnið Einar B. Ingvarsson, þáverandi útibússtjóri stefnanda, hefur kannast við að hafa sett útgáfudag á víxilinn og hafi ástæðan verið sú, að Fjöliðjan h/f á

Ísafirði hafi verið hætt starfsemi á þessum tíma (þ. e. 20. júlí 1968) og gjaldþrot blasað við, og því hafi hann viljað gripa til ábyrgðanna.

2.3. Síðari víxillinn, að fjárhæð kr. 1.000.000.00, er tilkominn á svipaðan hátt og sá fyrri. Eftir skjölum málsins verður að telja líklegt, að sá víxill hafi verið samþykktur, útgefinn og ábakinn eigi síðar en á árinu 1966. Á skjali því, sem um getur í 2.2. um handveðsetningar stefnanda, er þessa víxils getið og við hann skráð dagsetningin 14. marz 1966. Vitnið Einar B. Ingvarsson hefur talið, að þessi dagsetning sé miðuð við það, þegar víxillinn hafi verið afhentur stefnanda.

Á sama hátt og um víxil þann, sem um getur í 2.2., bar þessi víxill eigi útgáfudag, þá er hann var afhentur stefnanda. Áður nefnt vitni, Einar B. Ingvarsson, þáverandi útibússtjóri stefnanda, hefur kannast við að hafa fært útgáfudag inn á víxil þennan (20. júlí 1968) af sömu ástæðum og um getur í 2.2.

Víxill sá, sem hér um ræðir, varð til af þeim sökum, að skuldir Fjöliðjunnar h/f á Ísafirði við stefnanda höfðu aukizt vegna aukinna umsvifa Fjöliðjunnar h/f. Vitna- og aðiljaskýrslur veita vitneskju um það, að þáverandi útibússtjóri stefnanda, Einar B. Ingvarsson, hafi gert kröfur á hendur Fjöliðjunni h/f um hækkun ábyrgðarfjárhæðar af þessu tilefni. Sjálfur kvaðst nefndur Einar áreiðanlega hafa sett fram þessa ósk við Ingvar S. Ingvarsson, starfsmann Fjöliðjunnar h/f.

Aðilja greinir á um það, hve há þessi síðari ábyrgðartrygging hafi átt að vera. Stefndu halda því fram, að síðari víxillinn hafi átt að koma í stað fyrri víxilsins (og því ábyrgðin aðeins átt að hækka um kr. 500.000.00), en stefnandi heldur því fram, að síðari víxillinn hafi átt að vera viðbót við hinn fyrri.

Í framburði allra stefndu kemur það fram, að Ingvar S. Ingvarsson hafi annast milligöngu á milli stefnanda og stefndu um að útbúa síðari víxilinn. Um þetta segir m. a. svo í framburði stefnda Skúla: „Um það bil ári seinna, eða á árinu 1965 (e. t. v. sumarið 1966), kveður mætti, að þeir ábekingar víxilsins hafi verið staddir á fundi hjá Fjöliðjunni h.f., Ísafirði, og hafi þá Ingvar S. Ingvarsson farið fram á það við ábekinga, að framangreindur víxill yrði hækkaður úr kr. 500.000.00 í kr. 1 milljón.

Mætti kveðst ekkert hafa séð óeðlilegt við það, enda hafi umsetning Fjöliðjunnar h.f. aukizt. Hins vegar kveðst mætti vera alveg viss um það, að síðari víxillinn hafi átt að vera hækkun á fyrri víxlinum, en ekki viðbót við hann, enda segir mætti, að

málið hafi verið lagt þannig fyrir ábekinga. . . . Varðandi útgáfu síðari víxilsins skýrir mætti nánar svo frá, að hann og Jón F. Einarsson hafi gert athugasemd við Ingvar um það, hvort ekki væri unnt að hafa síðari víxillinn að fjárhæð kr. 500.000.00 og láta þá fyrri víxillinn standa áfram í bankanum. Hafi þá Ingvar S. Ingvarsson tjáð sér og Jóni, að það væri ósk bankasjórans, Einars Ingvarssonar, að síðari víxillinn yrði að fjárhæð kr. 1 milljón, en fyrri víxlinum yrði skilað. Kveðst þá mætti hafa látið til leiðast að rita á síðari víxillinn, enda hafi hann þá verið laus við alla tortryggni“.

Í framburði stefnda Páls segir um þetta m.a. svo: „Síðan segir mætti, að víxillinn hafi verið sendur til sín í pósti, og kveðst þá mætti hafa tekið eftir því, að víxillinn var að fjárhæð kr. 1 milljón í stað 500.000.00, sem Ingvar hafi áður talað um. Kveðst mætti hafa gert við þetta athugasemd og hringt í Ingvar í því sambandi, en Ingvar hafi þá tjáð sér, að fyrri víxillinn myndi ganga til baka og verða ónýttur“.

Í framburði stefnda Marsellíusar segir á þessa leið: „Mætti kveðst eigi muna einstök orðaskipti þeirra Ingvars, en mætti kveðst þó hafa sett það skilyrði til áritunar sinnar á víxillinn, að gamli víxillinn yrði eyðilagður. Hafi Ingvar tjáð sér, að það yrði örugglega gert. Kveðst mætti þá hafa áritað víxillinn“.

Í framburði stefnda Jóns Friðgeirs segir m. a.: „Þá lýsir mætti því, að Ingvar S. Ingvarsson hafi komið með síðari víxillinn til sín til Bolungarvíkur og tjáð sér, að bankinn hafi óskað eftir meiri ábyrgðum og að þeir hjá Fjöliðjunni h.f. hefðu fallizt á að hækka þær ábyrgðir upp í eina milljón, en að fyrri víxillinn ætti að ganga til baka og ónýtast. Mætti kveðst hafa tekið þetta trúanlegt og áritað víxillinn“.

Í framburði Hans W. Haraldssonar (en hann samþykkti báða víxlana f. h. Fjöliðjunnar h/f) segir á þá leið, að útibússtjóri stefnanda, Einar B. Ingvarsson, hafi farið þess á leit við sig og Ingvar S. Ingvarsson, að ábyrgðir yrðu hækkaðar úr hálfri milljón í eina milljón. Vitnið sagði, að þá er það hefði samþykkt f. h. Fjöliðjunnar h/f síðari víxillinn, þá hefði Einar Ingvarsson sjálfur vélritað meginmál þess víxils. Vitnið kveðst ekki hafa gert kröfu til þess að fá fyrri víxillinn til baka, þegar það samþykkti síðari víxillinn, en vitnið gaf þá skýringu á þessu, að á þeim tíma hafi ekki verið komin öll nöfn ábekinga á síðari víxillinn, og því hefði hann þá ekki verið enn útfylltur, eins og til hafi staðið. Vitnið kveðst heldur eigi síðar hafa gert kröfu til þess að fá síðari

víxillinn til baka, enda kvaðst vitnið þá hafa verið orðið laust við fyrirtæki Fjöliðjunnar h/f, enda þótt það hefði prókúruumboð að formi til.

Í framburði Einars B. Ingvarssonar um þetta atriði segir m. a.: „Nánar aðspurður um tildrög þess, að síðari víxillinn var útgefinn, ábakinn og afhentur bankanum, kveðst mætti halda, að engin orðaskipti hafi verið af hálfu bankans við Fjöliðjuna um það, hvort síðari víxillinn ætti að vera viðbót við þann fyrri eða koma í hans stað nema það, að mætti hafi átt tal við Ingvar S. Ingvarsson og hafi hann virzt vera sama sinnis og mætti um, að síðari víxillinn skyldi vera viðbót við þann fyrri. . . Mætti tekur þó fram til nánari skýringar, að það hafi verið skýrt í sínum huga, þá þegar ósk var sett fram um viðbótartrygginguna, að sá víxill, að fjárhæð kr. 1 milljón, ætti að vera viðbót við þann fyrri, og telur mætti áreiðanlegt, að hann hafi átt tal við Ingvar um þetta og að Ingvari hafi verið þetta ljóst“.

Í framburði Ingvars S. Ingvarssonar segir um þetta atriði m. a. þannig: „Segir mætti, að Hans Haraldsson hafi samþykkt víxlana fyrir Fjöliðjuna h.f., og kveðst mætti gera ráð fyrir, að nefndur Hans hafi útbúið víxlana. Kveðst þó mætti gera ráð fyrir því, að nefndur Hans hafi átt skipti við bankann út af víxlum þessum, en sjálfur kveðst mætti ekki hafa gert það. . . Segir mætti, að af sérstökum ástæðum hafi rekstrarfjárbörf Fjöliðjunnar h.f. verið stóraukin á þessum tíma og hafi Hans Haraldssyni verið falið að vinna að aukningu rekstrarlána félagsins hjá viðskiptabanka þess. Mætti segir, að það sé augljóst, að slíkt hafi tekið töluverðan tíma, en mætti álítur þó, að síðari víxillinn sé tilkominn í sambandi við þetta. Mætti kveðst ekki treysta sér til að svara neinu ákveðnu um það, hvort síðari víxillinn hafi átt að vera hækkun á hinum fyrri eða viðbót við hann“.

Eftir að stefndu var kunnugt, að stefnandi taldi þá vera í ábyrgðum fyrir kr. 1.500.000.00, fóru a. m. k. tveir til þrír hinna stefndu á fund þáverandi bankastjóra, Einars B. Ingvarssonar, og fóru fram á leiðréttingu, þar sem þeir töldu sig aðeins vera í ábyrgðum fyrir einni milljón króna. Ljóst er af málsskjöllum, að báðir aðiljar hafi haldið fram sinni skoðun og stefndu eigi fengið umbeðna leiðréttingu.

3.0.

3.1. Eftir atvikum þykir rétt að gera fyrst grein fyrir varnarástæðum stefndu. Stefndu benda á, að lægri víxillinn, að fjár-

hæð kr. 500.000.00, hafi átt að greiðast við sýningu, en enginn gjalddagi hafi verið á hærri víxlinum. Þetta þýði, að hærri víxillinn sé einnig sýningarvíxill.

Hins vegar sé innihald víxlanna rangt, þar sem útgáfudagurinn hafi verið settur, löngu eftir að víxlarnir höfðu verið gefnir út, og auk þess tilgreindur rangur, þar sem útgáfudagur víxlanna sé tilgreindur 20. júlí 1968. Stefnu taka fram, að ekki sé ljóst, hvers vegna útgáfudagur hafi ekki strax verið settur á víxlana, en ástæðan hafi ugglauast verið sú, að þeir, sem rituðu nöfn sín á víxlana, hafi ekki átt heima á sama stað. Stefnu hafi ætlað til þess, að útgáfudagur yrði settur á víxlana, strax og þeir hefðu verið afhentir stefnanda, en alls ekki síðar. Verði stefnandi að sanna, að hann hafi haft umboð til að tilgreina útgáfudaginn 20. júlí 1968. Víxill sé mjög tímabundið skjal samkvæmt víxillögum og því um að ræða mikil afbrigði frá því venjulega, ef stefnandi teldist hafa heimild til að tilgreina útgáfudag svo miklu síðar en hinn raunverulega útgáfudag.

Útgefandi megi að vísu lengja sýningarfrést, ef hann taki það fram berum orðum, en það hafi útgefandi ekki gert í þessu tilfalli og taki því víxillögin af honum ómakið og ákveði eins árs sýningarfrést.

Í samræmi við framanritað halda stefnu því fram, að framangreindir víxlir hafi raunverulega verið gefnir út árið 1964 og 1966 og þar sem víxlarnir séu sýningarvíxlir, skuli sýna þá til greiðslu, áður en eitt ár sé liðið frá útgáfudegi, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 93/1933. Víxilrétturinn sé því þar með fallinn niður fyrir vangeymslu og leiði það til sýknu.

3.1.1. Af hálfu stefnu er því haldið fram, að þegar þeir hafi ritað nöfn sín á síðari víxlinum, að fjárhæð kr. 1 milljón, þá hafi þeir að sjálfsögðu ætlað til þess, að stefnandi sendi þeim til baka hinn fyrri víxil, að fjárhæð kr. 500.000.00, um leið og hann fengi hinn síðari víxil. Hafa stefnu meðal annars vísað til framburðar Hans W. Haraldssonar um þetta efni, en hann var rakinn að nokkru í 2.3. Telja stefnu, að stefnandi eigi alla vega ekki hærri kröfu en 1 milljón á hendur þeim.

3.2. Stefnandi heldur því fram, að varnir þær, sem stefnu hafi uppi, komist ekki að í máli þessu, þar sem ekki hafi verið um fölsun á víxlunum að ræða. Um eyðuvíxla hafi verið að tefla, sem stefnandi hafi haft heimild til að útfylla. Stefnu hafi vitað, að þeir hafi verið að ganga í ábyrgð, þá þegar víxlarnir voru afhentir stefnanda, og því hafi útibússtjóri stefnanda verið í

góðri trú um það, að honum væri heimilt að setja útgáfudag á víxlana.

Þess vegna skipti ekki máli, hver hafi verið hinn raunverulegi útgáfudagur víxlanna, heldur beri að miða við þann dag, sem víxlarnir beri með sér.

3.2.1. Stefnandi heldur því fram, að síðari víxillinn hafi átt að vera viðbót við þann fyrri. Í því sambandi bendir hann sérstaklega á framburð þáverandi útibússtjóra, Einars B. Ingvarssonar, svo og skjal það, sem bankinn hafi haldið um handveð (sbr. 2.2.), en þar sé ekki annars getið en að síðari víxillinn hafi átt að vera viðbót við þann fyrri. Loks bendir stefnandi á, að stefndu hafi ekki gert reka að því að fá fyrri víxilinn til baka.

4.0.

4.1. Svo sem rakið hefur verið í 2.0., voru stefnanda afhentir báðir „víxlarnir“ til tryggingar yfirdráttarláni Fjöliðjunnar h/f hjá stefnanda, útfylltir að öðru leyti en því, að útgáfudag vantaði á báða víxlana.

Stefndu var ljóst, í hvaða tilgangi átti að nota umrædd víxilplögg, og þeim mátti vera kunnugt um, miðað við þau skjöl, sem þeir rituðu nöfn sín á, að tilætlunin var sú að stofna til víxilskuldbindingar síðar. Var því hér um að tefla „blanko“ víxla (eyðuvíxla), og verður samkvæmt framansögðu að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að setja á þá útgáfudag.

Af þessum sökum er ekki um fölsun á víxlunum að tefla.

Sú málsástæða stefndu, að stefnanda hafi einungis verið heimilt að rita útgáfudag á víxlana sem næst hinum raunverulega útgáfudegi þeirra, er vörn um heimildarskort, sem fær eigi gegn andmælum stefnanda komizt að í máli þessu, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

4.2. Hinn síðari víxill, að fjárhæð kr. 1.000.000.00, hafði eigi að geyma neinar þær áritanir, sem gátu gefið til kynna heimildarbrest stefnanda að honum. Vörn stefndu um það, að stefnanda hafi verið kunnugt um það skilyrði þeirra til áritunar síðari víxilsins, að hinn fyrri skyldi ganga til baka, kemst því ekki að í víxilmáli þessu, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

4.3. Þar sem ekkert er að öðru leyti athugavert við form víxlanna, og þeim hefur verið haldið nægjanlega til laga, þykir mega taka stefnukröfuna til greina að öllu leyti.

Málskostnaður, þar með talinn ferðakostnaður dómsins til Ísafjarðar, þykir hæfilega ákveðinn kr. 140.000.00.

Það athugast, að aðiljum var gefinn kostur á að leiða útgefanda víxlanna, Sigurlaugu M. Jónsdóttur, fyrir dóm til skýrslugjafar, en þeir töldu þess ekki þörf.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Skúli Steinsson, Páll Guðfinnsson, Marsellíus Bernhardsson og Jón F. Einarsson, greiði in solidum stefnanda, Landsbanka Íslands, Útibúi Ísafirði, kr. 1.500.000.00 með 1% vanskilavöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 3.960.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og málskostnað kr. 140.000.00.

Ofangreindar fjárhæðir ber stefndum að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júní 1971.

Nr. 196/1970. **Félag starfsfólks í veitingahúsum**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Smáarakaffi h/f

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kjarasamningar. Sjúkrasjóðsgjald. Orlofsheimilisgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. október 1970 og krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 6.354.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 10. desember 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfest-